



Reykjavík 22.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, miðborgin

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagsviðs dags. í mars 2018 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar markmið um göngugötur í miðborginni. Breytingartillagan felur einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og skýrari afmörkun þess svæðis ákvæðin geta náð til.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

E.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagsviðs dags. í mars 2018

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Miðborgin

Markmið um göngugötur

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr.10c
Mars 2018

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

Efnisyfirlit

1	Gildandi stefna og helstu forsendur	4
2	Tilgangur breytinga.....	5
3	Breytingartillögur.....	6
4	Umhverfismat og samræmi við megin markmið.....	7
5	Afgreiðslu- og kynningarferli	8
6	Viðauki. Ítarefni	8

1 Gildandi stefna og helstu forsendur

Eitt af megin markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 er að skapa lífleg og fjölbreytileg almenningsrými í borginni og skapa meira aðlaðandi borgarbrag. Þar gegnir göturýmið lykil hlutverki, ekki síst göturými miðborgarinnar. Endurhönnun gatna með eflingu göngu og hjólréiða að leiðarljósi er einnig lykilaðgerð í stefnu aðalskipulagsins um vistvænni samgöngur. Áherslan á fjölbreytt hlutverk göturýmanna og endurhönnun þeirra er sett fram í kaflanum *Gatan sem borgarrými*. Almenn markmið um eflingu miðborgarinnar, aukin gæði í almenningsrýmum hennar og aðgerðir til að auka mannlífið eru sett fram í kaflanum *Miðborgin* (adalskipulag.is). Þar kemur meðal annars fram að styrkja megi göturýmið með „sveigjanlegum göngugötum“. Stefna aðalskipulagsins, þegar hún var samþykkt í lok árs 2013, endurspeglar þær aðgerðir sem þegar voru hafnar, um eflingu torgmenningar og tímabundnar lokanir gatna í miðborginni fyrir bílumferð. Með verkefnum *Torg í biðstöðu*, *Sumargötur* og fleiri verkefnum hefur þessum aðgerðum verið fylgt eftir. Í megin markmiðum stefnunnar *Gatan sem borgarrými* segir eftirfarandi (bls. 169): „Áfram verði unnið markvisst með þróun umhverfis gatna og torga með verkefnum eins og *Torg í biðstöðu* og *Sumargötur* (sjá einnig *Miðborgarstefnu*, um torg og götur miðborgar).“¹

Í aðalskipulaginu eru því nú þegar ákveðin markmið um göngugötur og skýrt að fyrir liggur almenn heimild um tímabundnar lokanir einstakra gatna í borginni, enda nái þessar lokanir einvörðungu til gatna sem skilgreindar eru sem *Aðrar götur*. Þær eru skilgreindar með eftirfarandi hætti á þéttbýlisupprætti: „Aðrar götur en stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsagötur, vistgötur og **göngugötur**.“ Það er því innan ramma aðalskipulagsins að breyta slíkum götum í göngugötur, tímabundið sem og varanlega. Slíkar aðgerðir kölluðu ekki á breytingu á stefnu aðalskipulagsins, enda í samræmi við megin markmið þess.

Það hefur hinsvegar verið rætt um að setja þurfi skýrari stefnu í aðalskipulagið um tímabundnar lokanir gatna í borginni og mögulega varanlega lokun þeirra. Bæði er æskilegt að skerpa almenn markmið um göngugötur og útlista betur hvernig að því er staðið sé ráðist í tímabundna lokun eða varanlega lokun gatna.² Það er einnig ljóst að með vaxandi mannlífi á götunum, einkum í miðborginni, þarf að auka við það rými sem ætlað er fyrir gangandi vegfarendur.

Í verklýsingu vegna endurskoðunar stefnumörkunar um Miðborgina, dagsett í febrúar 2016 (sjá adalskipulag.is), var vikið að þessu: „Lagt verður mat á það hvort setja eigi sérstök markmið um gerð göngugatna og lokanir gatna fyrir bílumferð, tímabundið eða varanlega, í miðborginni. Skoða þarf slík markmið um lokanir gatna í samhengi við önnur ákvæði sem

¹ Stuðst er við undirritaða útgáfu aðalskipulagsins, sem finna má á adalskipulag.is

² Með því verði brugðist við álitni Umboðsmanns Alþingis. Í bréfi Umboðsmanns, dagsett 4. apríl 2017 segir: „Það var jafnframt niðurstaða umboðsmanns að ákvarðanir um Sumargötur væru í eðli sínu viðfangsefni sem eðlilegt væri að mörkuð væri stefna um í aðal- eða deiliskipulagi. Í ljósi þeirra upplýsinga sem væri að finna í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 taldi umboðsmaður sig ekki hafa forsendur til að gera þá athugasemd að í því væri ekki að finna fullnægjandi grundvöll fyrir ákvörðun um „Sumargötur 2015“. Aftur á móti fengi hann ekki séð að það endurspeglar með skýrum hætti þá varanlegu stefnu sem nú hefur verið mörkuð, þar sem fyrirkomulagið Sumargötur væri fest í sessi til frambúðar.“

gilda um viðkomandi götukafla...“ Í verklýsingunni sagði enn fremur: „Þar sem um óvenju umfangsmiklar og margþættar breytingar á aðalskipulaginu er að ræða, sem þarf að gefa góðan tíma, er gert ráð fyrir þeim möguleika að breytingartillögurnar verði kynntar og afgreiddar í áföngum, eftir því sem vinnunni miðar og forsvaranlegt er að gera.“

Á grundvelli ofangreindra upplýsinga og fyrrnefndrar verklýsingar eru nú lögð fram tillaga að breytingu er varðar almenn markmið um göngugötur í borginni. Breytingartillagan felur einkum í sér endurbætur á núgildandi markmiðum aðalskipulags, þ.e. skerpingu á almennum markmiðum um göngugötur, ákveðnari skilgreiningar og kröfur um hvernig skuli staðið að framkvæmdinni, einkum þegar um varanlega lokun gatna er að ræða. Gera má ráð fyrir að framkvæmd lokana gatna beinist einkum að miðborgarsvæðinu, eins og verið hefur síðustu ár. Það er hinsvegar mikilvægt að markmið um göngugötur séu almenns eðlis í aðalskipulaginu og beinist ekki einvörðungu að miðborginni heldur að borginni í heild.

Breytingartillagan er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Í verklýsingu (febrúar 2016) voru sett fram viðmið við mat á einstökum breytingum og er horft til þeirra í almennri umfjöllun um umhverfisáhrif (sjá kafla 4).

2 Tilgangur breytinga

- Að setja fram ákveðnari markmið um göngugötur í miðborg Reykjavíkur og í borginni í heild sinni.
- Stuðla að því að settar verði verklagsreglur um framkvæmd tímabundinnar lokunar gatna
- Setja viðmið um mögulega varanlega lokun gatna fyrir bílumferð

3 Breytingartillögur

Lagt er til að eftirfarandi markmiðum og ákvæðum verði bætt við bindandi stefnu í kaflanum *Gatan sem borgarrými*, (bls. 169):

„Unnið verði markvisst að endurhönnun almenningsrýma og göturýma í borginni í þeim tilgangi að efla mannlíf og bæta borgarbrag, sbr. eldri verkefni s.s. Torg í biðstöðu og Sumargötur. Þær götur sem skilgreindar eru sem *Aðrar götur* á þéttbýlisupprætti má skilgreina sem göngugötur, varanlegar eða árstíðabundnar, sbr. ákvæði hér að neðan. Áhersla verður á gerð göngugatna í miðborginni á næstu árum (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).

„Götur sem er varanlega lokað fyrir bílumferð og gerðar að göngugötum árið um kring, skal tilgreina í deiliskipulagi. Settar verði verklagsreglur um framkvæmd árstíðabundinnar lokunar gatna fyrir bílumferð“

Eftirfarandi markmið verður fellt út:

„Áfram verði unnið markvisst með þróun umhverfis gatna og torga með verkefnum eins og Torg í biðstöðu og Sumargötur (sjá einnig Miðborgarstefnu, um torg og götur miðborgar).“

4 Umhverfismat og samræmi við megin markmið

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í verklýsingu voru sett fram viðmið við mat á einstökum breytingum. Hér að neðan er sett fram mat á áhrifum umræddra breytinga út frá þeim viðmiðum sem sett voru fram í kafla um umhverfismat í verklýsingu.

a. Styðja breytingar á einstökum skipulagsákvæðum við megin markmið aðalskipulagsins um kröftuga, lifandi og fjölbreytt almenningsrými?

Tilgangur breytingar er einkum að skerpa á og skýra betur almenn markmið sem þegar eru til staðar í aðalskipulaginu. Markmið aðalskipulagsins um göngugötur og tímabundna lokun gatna fyrir bílumferð styðja sannanlega við megin markmið þess um kröftuga, lifandi og fjölbreytta borg. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að gerð göngugatna hefur reynst ein skilvirkasta aðgerðin í að endurlífga borgir og glæða almenningsrými þeirra lífi. Árstíðabundin lokun valinna gatna í miðborg Reykjavíkur, á undanförunum árum, er hófstíllt aðgerð í þeim skilningi að ekki er um varanlega lokun gatna að ræða og lokanir ná eingöngu til takmarkaðs fjölda gatna. Reynslan af árstíðabundnum göngugötum í Reykjavík er góð og þær eru taldar hafa jákvæð áhrif á mannlíf og fjölbreytni miðborgarinnar. Almenn ánægja er með lokanir hjá rekstraraðilum sem eru við göturnar (sjá nánar Viðauka). Varanleg lokun gatna samræmist enn fremur vel megin markmiðum aðalskipulagsins en gert er ráð fyrir að slíkar götur verði tilgreindar í deiliskipulagi

b. Geta breytingar haft neikvæð áhrif á aðliggjandi byggð, einkum íbúðarbyggð í næsta nágrenni?

Tilgangur breytinga er einkum að skerpa á og skýra betur markmið sem þegar eru til staðar í aðalskipulaginu. Lokanir gatna fyrir bílumferð geta ávallt aukið lítillaga bílumferð á aðlægum götum, meta þarf slíkt við framkvæmd lokunar. Áhrif varanlegrar lokunar gatna verði metin eftir atvikum við gerð deiliskipulags.

c. Geta breytingar verið íþyngjandi fyrir rekstraraðila á einstökum svæðum og/eða hamlað nýliðun starfsemi á viðkomandi svæði?

Tilgangur breytinga er einkum að skerpa á og skýra betur markmið sem þegar eru til staðar í aðalskipulaginu. Miðað við viðbrögð rekstraraðila í miðborginni í könnunum hafa lokanir almennt jávæð áhrif á rekstur starfsemi á jarðhæðum, þó það sé eflaust mismunandi eftir eðli starfseminnar. Kannanir benda enn fremur til þess að almenn ánægja er meðal rekstraraðila með lokanir. Markmið um gerð tímabundinna göngugatna eða varanlegra eru ekki talin hafa áhrif á nýliðun starfsemi en ætti hinsvegar að ýta undir meiri fjölbreytni í göturýminu.

d. Hvernig samræmast breytingar stefnumörkun í öðrum málaflokkum á vegum Reykjavíkurborgar?

Markmið um göngugötur samræmast almennt vel megin markmiðum aðalskipulagsins svo og almennum markmiðum í atvinnu-, ferðamála- og

menningarstefnu borgarinnar. Óhjákvæmilegt er að stækka rýma í miðborginni sem eingöngu eru ætluð gangandi umferð í ljósi fjölgunar ferðamanna.

- e. **Samræmast breytingar svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins?** Umræddar breytingar eru staðbundnar innan Reykjavíkur og varða ekki stefnu svæðisskipulagsins.

5 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing endurskoðunar miðborgarstefnu var samþykkt í borgarráði í febrúar 2016. Í kjölfarið var verklýsing send á eftirfarandi umsagnaraðila: Hverfisráð Miðborgar, hverfisráð Hlíða, hverfisráð Vesturbæjar, Íbúasamtök Miðborgar, Íbúasamtök Vesturbæjar, Íbúasamtök Grjótaþorps, Miðborgin okkar, Höfuðborgarstofa, Skrifstofa borgarstjórnar, Borgarminjasögusafn, Faxaflóahafnir, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, aðliggjandi sveitarfélög, svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, Skipulagsstofnun, Stýrihópur um málefni miðborgarinnar. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum, gerð aðgengileg á vef borgarinnar, þar sem óskað var eftir athugasemdum fyrir tiltekin tíma.

Drög að breytingartillögu sem hér liggja fyrir voru send sérstaklega til hagsmunaaðila á miðborgarsvæðinu, þar sem framfylgd markmiða um göngugötur hafa einkum átt sér stað á undanförunum árum. Drögin voru einnig senda til allra hverfisráða í borginni. Drögin voru send á eftirfarandi aðila: Hverfisráð í öllum borgarhlutum, Íbúasamtök Miðborgar, Miðborgin okkar, Miðbæjarfélagið, Höfuðborgarstofa, Skrifstofa borgarstjórnar, Borgarminjasögusafn, Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálastofa, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Stýrihópur um málefni miðborgarinnar, Aðliggjandi sveitarfélög og Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Drögin voru einnig gerð aðgengileg á adalskipuag.is og auglýst í fjölmiðlum. Haldið var opið hús um drögin, þann 13. mars sl, sem var auglýst í fjölmiðlum.

Engar athugasemdir hafa borist við tillögudrögin, en fyrir liggja umsagnir frá Garðabæ (8. feb), Seltjarnarnes (13. feb), Bláskógabyggð (8. feb) og svæðisskipulagsnefnd (31. Janúar).


6 Viðauki. Niðurstöður kannana um viðhorf til göngugatna í miðborginni.

Könnun Maskínu í maí 2017

Svarendur af öllu landinu

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lokun hluta gatna í miðborg Reykjavíkur fyrir bílaumferð á sumrin, eins og hefur verið gert síðustu ár?

■ Mjög ánægð(ur) ■ Fremur ánægð(ur) ■ Í meðallagi ■ Fremur óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



„...ekki er marktækur munur á skoðunum eftir búsetu þótt Reykvíkingar virðist aðeins ánægðari með sumargötturnar en aðrir.“


Framhaldskönnun Maskínu og USK

Júlí 2017

Svarendur bara í Rvk

VIÐHORF TIL GÖNGUGATNA


Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?



TÍMABIL GÖNGUGATNA

Sp. 3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?


	Fjöldi	%
Ég vil göngugötur allt árið um kring (5)	79	11,7
Tímabilið er allt of stutt (5)	27	3,9
Tímabilið er fremur of stutt (4)	35	5,2
Tímabilið er hæfilegt (3)	322	47,3
Tímabilið er fremur of langt (2)	134	19,6
Tímabilið er allt of langt (1)	47	6,9
Ég er alfarið á móti göngugötum (1)	37	5,4
Gild svör	681	100,0
Gildir svarendur	681	93,0
Svöruðu ekki	51	7,0
Heildarfjöldi	732	100,0



31,9% 47,3% 20,8%

ÁHRIF GÖNGUGATNA Á MANNLÍF


Sp. 4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?



AÐSÓKN AÐ GÖNGUGÖTUSVÆÐINU


Sp. 5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

	Fjöldi	%
Já	572	81,5
Nei	130	18,5
Gild svör	701	100,0
Gildir svarendur	701	95,8
Svöruðu ekki	31	4,2
Heildarfjöldi	732	100,0



TÍÐNI FERÐA Á GÖNGUGÖTUSVÆÐIÐ


Sp. 6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?



HELSTU NIÐURSTÖÐUR




1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?





1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?



6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?


5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

HELSTU NIÐURSTÖÐUR




3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?

■ Ég er alfarið á móti göngugötum
 ■ Of langt
 ■ Hæfilegt
 ■ Of stutt
 ■ Ég vil göngugötur allt árið





3. Finnst þér tímabil göngugatna, þ.e. frá 1. maí til 1. október, vera of stutt, hæfilegt eða of langt?




6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?

5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?




4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?





4. Telur þú göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar?



6. Hversu oft kemur þú að jafnaði á göngugötusvæðið í miðborginni?


5. Hefur þú komið á göngugötusvæðið í miðborginni eftir 1. maí í ár?

Samanburður við mælingar fyrri ára

Svarendur bara í Rvk


Gallup 2014 og 2015

Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum/sumargötum í miðborg Reykjavíkur á sumrin?




Maskína 2017

Sp. 1. Ert þú jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann?




Viðhorf rekstraraðila

Miðborgin okkar - 2015



Miðborgin okkar og SVP - 2016

2. Ertu hlynnt/ur göngugötum á verslunargötum í miðborg Reykjavíkur?




2. Ertu hlynnt/ur göngugötum á verslunargötum í miðborg Reykjavíkur? (Deild 3, 4 og 5)

Já : 72.36%


Nei : 27.64%

USK - 2016

■ Jákvæð(ur) ■ Hvorki né ■ Neikvæð(ur)



■ Alfarið jákvæð(ur) ■ Mjög jákvæð(ur) ■ Frekar jákvæð(ur) ■ Hvorki jákvæð(ur) né neikvæð(ur) ■ Frekar neikvæð(ur) ■ Mjög neikvæð(ur)
■ Alfarið neikvæð(ur)




BS verkefni um hegðun fólks á göngugötum

- Vorið 2017 vann Katharina Olga Metlicka nemi við umhverfisskipulag Lbhí - BS verkefni er fjallaði um notkun fólks á göngugötum. Þar voru tekin viðtöl við bæði rekstraraðila og vegfarendur.
- Könnunin var gerð yfir mismunandi tímabil og borið var saman viðhorf á meðan umferð var leyfð og svo yfir göngugötur um vetur og sumar (Airwaves og Jól)
- Áhugaverðast var hversu marga rekstraraðila höfundur náði að ræða við og hvernig viðhorfin eru mismunandi eftir árstíma og starfsemi.

Vegfarendur


Telur þú að Laugavegur (frá Vatnsstíg að gatnamótum Bankastrætis og Þinghóltsstrætis) og Skólavörðustígur (neðan Bergstaðastrætis) ættu að vera göngugötur allt árið um kring? (33)




Graf 5.13: Eru göngugötur allt árið um kring hugsanlegar? Útfærsla höfundar.

Viðhorf rekstraraðila við göturnar Allir


Finnst þér að Laugavegur ætti að vera göngugata á sumrin? (60)



Finnst þér að Skólavörðustígur ætti að vera göngugata á sumrin? (23)




Finnst þér að ætti að vera göngugata á sumrin? (17)




Fataverslanir

Finnst þér það ætti að vera göngugata á sumrin? (5)




Hótel

Finnst þér það ætti að vera göngugata á sumrin? (10)




Minjagripaverslanir

Finnst þér það ætti að vera göngugata á sumrin? (22)



Veitingastaðir

Finnst þér það ætti að vera göngugata á sumrin? (7)



Skartgripaverslanir

